

**Samantekt**  
**Hagsmunaráð fundur nr. 1**

2017-09-35

**Fundarstaður:** Gylfaflöt 9**Dagsetning:** 31.08.2018**Fundartími:** 10.00 – 12.00**Fundarritari:** Sverrir Jan Norðfjörð**Mættir:**

Hagsmunaráð	Fulltrúar fyrir
Kristján Þórður Snæbjarnarson (KPS)	Alþýðusamband Íslands
Signý Jóhannsdóttir (SJ)	Alþýðusamband Íslands
Anna Lea Gestsdóttir (ALG)	Byggðastofnun
Eiríkur Blöndal (EB)	Bændasamtök Íslands
Pétur Halldórsson (PH)	Félag ungra umhverfisverndarsinna
Hjalti Jóhannesson (HJ)	Háskólinn á Akureyri
Gunnar Stefánsson (GS)	Háskóla Íslands
Hrund Andradóttir (HA)	Háskóla Íslands
Ragnar Kristjánsson (RK)	Háskóli Reykjavíkur
Arnar Guðmundsson (AG)	Íslandsstofa
Einar Hansen Tómasson (EHT)	Íslandsstofa ( í forföllum Ernu Björnsdóttur
Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir (SBS)	Landvernd
Vigdís Hásler (VH)	Samband íslenskra sveitarfélaga
Einar Torfi Finnsson (ETF)	Samtök ferðaþjónustunnar
Inga Dóra Hróflsdóttir (IDH)	Samorka/Dreifiveitur
Bjarni Már Júlíusson BMJ)	Samorka/Orkuframleiðendur
Jóhann Þór Jónsson JÞJ)	Samtök iðnaðarins (smærri iðnaður)
Ingólfur Bender (IB)	Samtök Iðnaðarsins (stórnotendur)
Ragnar Guðmundsson (RG)	Samtök Iðnaðarsins (stórnotendur)
Guðbergur Rúnarsson (GR)	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Guðmundur Baldvin Guðmundsson	Samband Íslenskra sveitarfélaga
Hallveig Ólafsdóttir (HÓ)	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (í forföllum Heiðrúnar Lindar)
<b>Frá Landsneti</b>	
Páll Jensson (PJ)	Formaður hagsmunaráðs
Einar Snorri Einarsson (ENE)	Framkvæmdarstjóri stjórnunarsviðs
Elín Sigríður Óladóttir (ESÓ)	Samráðsfulltrúi
Gnýr Guðmundsson (GG)	Verkefnastjóri áætlana
Guðmundur Ingi Ásmundsson (GIÁ)	Forstjóri
Sverrir Jan Norðfjörð (SJN)	Framkvæmdarstjóri þróunar- og tæknisviðs

**Dagskrá:****Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets***Ávarp,**Kynning á þátttakendum hagsmunaráðs***Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdarstjóri þróunar- og tæknisviðs, Landsnets,***Markmið og tilgangur hagsmunaráðs***Elín Sigríður Óladóttir, samráðsfulltrúi Landsnets***Yfirferð samráðs og kynning á svæðisbundnum verkefnaráðum***Gnýr Guðmundsson, verkefnastjóri áætlana á þróunar- og tæknisviði Landsnets,***Kynning á Kerfisáætlun 2018-2027***Umræður og samantekt undir stjórn formanns hagsmunaráðs, Páls Jenssonar prófessors,  
Dagskrárlök áætluð kl:12.00**

- SNJ opnaði fundinn og kynnti dagskrá fundarins.
- GIÁ kynnti áherslur og stefnu Landsnets, og fór yfir væntingar og fyrirmyndir að hagsmunaráði
- Þátttakendur ráðsins kynntu sig og hvaðan þeir koma.
- Hagsmunaráði var síðan kynntur formaður ráðsins PJ Leitað var til PJ um að taka að sér formennsku eftir ábendingu frá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Þórdísi Kolbrúnu Gylfadóttur Reykfjörð. PJ er m.a. prófessor við Háskóla Reykjavíkur, kennari við opna háskóla Háskóla Reykjavíkur og varaformaður starfshóps á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðneytisins um mótun orkustefnu Íslands.
- PJ tók við fundarstjórn fundarins.
- ESÓ kynnti tilgang og markmið samráðs, reynslu verkefnaráða úr svæðisbundnum verkefnum og fór yfir reynslu sambærilegra eða svipaðra flutningsfyrirtækja erlendis
- GG kynnti Kerfisáætlun ársins 2018-2027 sem send var til Orkumálastofnunnar til umfjöllunar og samþykktar sama dag og fundurinn var haldinn, þann 31. ágúst.

PJ biður hópinn að segja frá sínum væntingum til hagsmunaráðsins

- **Samtök iðnaðarins, stærri notendur:** Leggja áherslu á öryggi á raforkuafhendingu og kostnað styrkinga
  - Þarf að ríkja betri skilningur á uppbyggingu gjaldskrár, rekstri, fjárfestingum, ræða þarf um töpin og leiðir til ná kostnaðinum niður.
- **Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi:** Vilja að farið sé yfir áhrif á fiskmjölverksmiðjur, kostnaðinn og hvernig spárnar virka (grunnurinn), bæði hvað varðar olíu og rafmagn
- **Íslandsstofa:** Vill að horft sé til samkeppnisforsks Íslands, hluti af því er verð en einnig innviðir, fyrirsjáanleiki í orkuframboði, sjá fyrir sér meiri uppbyggingu vegna gagnavera.
- **Samtök iðnaðarins/smærri notendur:** Sammála því sem kom fram áður varðandi að auka gagnsæi í raforkumálum.

- **Háskólinn á Akureyri:** Auka þarf skilning á milli aðila, áhyggjur af átökum á milli umhverfisverndar og byggðapróunar. Upplýsa betur um tæknilegar takmarkanir jarðstrengja.
- **Samtök ferðapjónustunnar:** Áhugi á hvernig hlutum er stillt upp, efasemdir um þörfina. Ferðapjónustan líka orkunotandi, hvernig viljum við hafa ímynd landsins. Velta upp; hvað eru framfarir, hvað felst í því?
- **Bændasamtök Íslands:** Taka þarf umræðuna um loftlínu og jarðstrengi, það er ekki alltaf best að setja jarðstrengi, þarf að fara vel yfir það. Styrking í kerfinu kosti ekki of mikla landnotkun, þarf að skoða það betur.
- **Byggðastofnun:** Hvernig á að bregðast við stöðunni á útnárum t.d. eins og á Vestfjörðum, þurfum við að hringtengja þangað eða getur það verið sér hringur? Samanburður sýnir að orkukostnaður á milli heimila mikill eftir landsvæðum, það þarf að taka umræðu um það og jafna út.
- **Samorka/orkuframleiðendur:** Horfa á að stytta leiðir milli notkunar og framleiðslu, verðlagning (e. „price signals“) ekki nægjanlega sterk, Lækka kostnað ef orkunotkun er við virkjun.
- **Landvernd:** Vilja fara upp úr skotgröfum, að tekið sé tillit til allra, muna að sjálfbærni eru þrír þættir og mikilvægt að hagsmunaráð sé ekki skrautfjöldur heldur til gagns.
- **Ungir umhverfisverndarsinnar:** Fagna því að það sé vettvangur sem þessi stofnaður, þetta sé gott tækifæri að geta hlustað á ólík sjónarmið.
- **Alþýðusamband Íslands:** Hagsmunir ASÍ liggja í því hvernig uppbygging er um allt landið – landsbyggðin þarf sína orku. ASÍ eru 110 þús manna hagsmunasamtök sem hafa lagst gegn uppskiptingu í orkugeiranum (aðskilnaði á framleiðslu, flutningi og dreifingu), vegna áhrifa á verð til heimila. Styðja verðjöfnun í landinu öllu, fagna því að verð verði lækkað.
- **Samtök íslenskra sveitarfélaga:** Hafa miklar væntingar, er ánægður með verkefnaráð, ánægður með að þetta sé gert, hagsmunir að fá orku, óþarfi að tala um „krummaskuð“ það þarf að huga að uppbyggingu á landinu öllu. Vilja fá umræðu um ný lög um MÁU
- **Háskóli Reykjavíkur:** Horfa þarf á tæknina í þessu og takmörk á strengjum og áhrif á gjaldskrá, en einnig gæði og öryggi. Mikilvægt að rætt sé um orkuskipti og þau skoðuð frá öllum hliðum.
- **Háskóli Íslands:** Vilja umræðu um hnattræna hlýnun og breytingar í samfélaginu því samfara sem og orkuskipti (t.d. varðandi skemmtiferðaskip). Finnst þörfin vera óljós, það þarf að ræða. Ræða að byggja upp sveigjanleika kerfisins, ekki tvær línur ef ein stærri dugar. Huga að lífsferilsgreining, t.d. selja stálið úr gömulum möstrum. Hí er ekki beinn hagsmunaaðili, en eru í fræðasamfélaginu, það vantar að efla rannsóknir frá fræðasamfélaginu til að styrkja þessa vinnu. Hefur áhyggjur af mjög ólíkum hagsmunum innan ráðsins og að samræma þá
- **Samorka,/dreifiveitur:** Vantar orkustefnu og taka kostnaðinn með, skoða með hringtengt raforkukerfi eða ekki, hvaða aðrir möguleikar eru? Skoða þarf þjóðhagsleg áhrif. Hafa áhyggjur af offjárfestingu og af vatnsvernd.

Páll þakkaði góð innlegg og ábendingar frá fundarmönnum. Fór yfir að næsti fundur yrði innan fárra vikna, stefnan að funda frekar ört á fyrstu mánuðum í starfssemi ráðsins þar sem hafin er vinna að næstu kerfisáætlun fyrir árin 2019 – 2028 og mikilvægt að ráðið sé vel inn í þeirri vinnu sem þar fer fram.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 12:00